

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi.

Baldvinskáli á Fimmvörðuhálsi, deiliskipulag fjallaskála, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 8. mars 2012, deiliskipulag rúmlega 1 ha svæðis fyrir nýjum Baldvinskála auk skálavarðarhúss/geymslu og salerna.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarholt í Rangárþingi ytra, deiliskipulag landbúnaðarlands.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 2. febrúar 2012, deiliskipulag í landi Bæjarholts. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, bílgeymslu, auk hesthúss og reiðskemmu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Galtalækur II í Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundabyggðar.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 14. júní 2011 deiliskipulag 76 lóða frístundabyggðar í landi Galtalækjar II í Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið tekur til 60 ha svæðis og hefur fengið heitið Heiðarlönd.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Heiðarbrún II í Rangárþingi ytra, deiliskipulag 2 frístundahúsa og skemmu.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 9. maí 2011, deiliskipulag 2 frístundahúsa og skemmu á lögbýlinu Heiðarbrún II.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Meiri-Tunga 2 í Rangárþingi ytra, deiliskipulag lóðar fyrir fuglaeldishús.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 7. maí 2012, deiliskipulag 3 ha lóðar fyrir tvö fuglaeldishús í landi Meiri-Tungu 2, í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til byggingar 2 eldishúsa fyrir alifugla, allt að 800m² hvort.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mykjunes, í Rangárþingi ytra, deiliskipulag 3 frístundalóða.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 8. desember 2011, deiliskipulag 3 lóða fyrir frístundahús í landi Mykjunes.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. júlí 2012.

F.h. Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.